

# Fundur NOS

haldinn í Borg á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps,  
mánudaginn 4. september 2017 kl. 15:00

**Mætt:** Aldís Hafsteinsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Kristófer Tómasson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Helgi Kjartansson, Valtýr Valtýsson, Gunnar Þorgeirsson, Ingibjörg Harðardóttir og Árni Eiríksson. Fulltrúar Sveitarfélagsins Ölfus boðuðu forföll. Auk þess sat fundinn María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna.

## 1. Yfirferð um verkefni vetrarins og faglegt starf innan SVÁ.

María fór yfir verkefni vetrarins og stöðuna í málaflokkum. Biðlisti varðandi sálfræðiþjónustu í skólunum hefur fækkað úr 90 málum í 64 mál og þá hefur sálfræðingur í verktöku gagnast vel til að saxa á biðlista. Sá verksamningur verður þó ekki framlengdur. Þá sagði María frá fyrirhuguðu námskeiði sem sálfræðingarnir ætla að halda fyrir börn með kvíða/þunglyndi í 9. bekk. Áður en námskeiðið verður haldið fer fram skimun á kvíða/þunglyndi á börnum í 9 bekk og þau sem ná viðmiðum er boðið að taka þátt.

Fram kom að mikill fjöldi greininga er í skólum á Íslandi miðað við viðmiðunarlönd eða um 17% á Íslandi en 4% í viðmiðunarlöndum. Ákveðið var að nauðsynlegt væri að ræða það við skólanna hvernig þessu væri háttáð hjá okkur. Ákveðið var að SVÁ sendi upplýsingar un stöðu greininga í skólunum til sveitarstjóra sem ættu í kjölfarið samtal við skólastjóra um fjölda tilvísana og verkferla í skólunum. Sveitarstjórar myndu síðan taka saman punkta um stöðuna og fara yfir hana á næsta fundi NOS.

Fram kom hjá Maríu að náms- og starfsráðgjafar nýtast vel í skólunum. Þá er almenn ánægja í skólaumhverfinu með námskeið á vegum SVÁ. Ákveðið hefur verið að ráða talmeinafræðing í verktöku í Uppsveitum og Flóa vegna fæðingarorlofs.

Rætt var um stöðu barnaverndarmála. Fram kom að fjöldi barna í fóstri væri ekki hlutfallslega mikill á svæðinu en þung úrræði vegna nokkra barna. Þá var farið yfir samskipti við Barnaverndarstofu og rædd vandamál sem eru uppi vegna einstaklinga þar sem þörf er á fjölþættum meðferðarúrræðum.

## 2. Hæstréttardómur í máli Sólheima gegn SVÁ.

Rætt var um niðurstöðu dómsins og áhrif hans. SVÁ er að fara yfir verkferla vegna akstursþjónustu við fatlaða m.a. með aðstoð lögmanns SVÁ og lögfærðideildar Sambandsins. Endurskoðaðar reglur og verkferlar fara síðan fyrir skólaþjónustu- og velferðarnefnd sem síðan verða lagðar fyrir sveitarfélögin til samþykktar. Kostnaður vegna málsins vegna dæmðs málskostnaðar að fjárhæð kr. 1,4 millj. mun ekki raska fjárhagsáætlun SVÁ.

## 3. Húsnæðismál:

Húsnæðið að Fljótsmörk 2 í Hveragerði er að verða tilbúið. Búist er við SVÁ geti flutt inn í húsnæðið í viku 37.

## 4. Önnur mál

Næsti fundur NOS verður kl. 11:00 þriðjudaginn 19. september í nýjum skrifstofum SVÁ í Hveragerði. Þá var ákveðið að aðalfundur NOS verði kl. 13:00 miðvikudaginn 11. október nk. Í Bratttholti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00  
Jón G. Valgeisson, fundarritari